

## LÖG

**um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 96/2002.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

**Breyting á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2009“ í ákvæði til bráðabirgða II í lögunum kemur: 1. janúar 2012.

### II. KAFLI

**Breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum.**

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „nánustu aðstandenda“ í 1. mgr. kemur: íslensks ríkisborgara eða.
- b. Við 6. mgr. bætist: eða um sé að ræða nánasta aðstandanda íslensks ríkisborgara.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögunum:

- a. Í stað orðanna „14. gr.“ kemur: 22. gr.
- b. Í stað orðanna „1. janúar 2009“ kemur: 1. janúar 2012.

### III. KAFLI

**Breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum.**

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögunum:

- a. Í stað orðanna „1. janúar 2009“ í 1. og 2. másl. kemur: 1. janúar 2012.

- b. Orðin „og ákvæði 4. mgr. 35. gr. laganna um heimild EES- eða EFTA-útlendings til að sækja um dvalarleyfi eftir komu til landsins“ í 2. másl. falla brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 2008.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Jóhanna Sigurðardóttir.*

\_\_\_\_\_  
A-deild – Útgáfud.: 30. desember 2008